

3H Travel ehf.
Björn Ólafsson
Markarflöt 5
210 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 21. mars 2016
UST201603-113/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - vatnslögn að Þríhnúkum

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 11. mars sl. frá 3H Travel ehf. vegna heimildar til að leggja vatnslögn frá Breiðabliksskála að Þríhnúkum í Bláfjallafólkvangi.

Svæðið sem um ræðir er innan Bláfjallafólkvangs. Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsingu í Stj.úð. B, 173/1985. Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar, skv. auglýstum reglum svæðisins.

Lýsing framkvæmdar: vatnslögninni er ætlað að flytja vatn að Þríhnúkum en í dag er allt vatn að hellinum með þyrlum. Vatnslögnin er 25 mm plastlögn og verður lögð samhliða rafmagnstreng sem liggur frá Breiðabliksskála og að Þríhnúkum. Kort af leiðinni fylgdi með umsókninni. Lögnin yrði lögð á snjó í vor og síðan fest við rafmagnstrenginn og mun því lítið sem ekkert bera á lögninni. Vatni yrði dælt á nokkura vikna frá Bláfjöllum og að Þríhnúkum í forðatank sem þar er staðsettur. Lögnin yrði fjarlægð samhliða rafmagnstrengnum þegar þar að kemur. Tveir menn munu vinna við framkvæmdina á 6 hjóli.


Áhrifamat: Að mati Umhverfisstofnunar er um afturkræfa framkvæmd að ræða sem mun minnka álag á svæðið.


Skilyrði: Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti lagningu vatnsleiðslu sem liggur frá Bláfjallaskála að Þríhnúkagíg með eftirfarandi skilyrðum:

- Að ekki verði um jarðrask að ræða á svæðinu.
- Að vatnslögnin verði lögð út þegar frost verði í jörðu og jörð snævi þakin.
- Til kynna skal Umhverfisstofnun um upphaf verks og verklok.
- Allt fráveituvatn fari í þrær undir þurrsalernunum
- Að Umhverfisstofnun verði gert viðvart ef upp koma slys eða önnur óhöpp tengd leyfi þessu.
- Að allur frágangur að framkvæmdum loknum verði góður og ekki sjáist ummerki um mannvirki á svæðinu.

Eftirlit: Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni og frágangi eftir að mannvirki hafa verið fjarlægð. Rukkað verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 Isl.kr. per klst.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur